



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

73 tölublað 7. árgangur janúar 2019 Ábyrgðarmaður: Jónína Garðarsdóttir

námsAhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Kæru foreldrar

Gleðilegt ár og takk fyrir samstarfið á liðnu ári. Skólastarfið hófst af fullum krafti fimmtudaginn 3. janúar eftir gott jólafrí. Flestir komu endurnærðir úr fríinu og virtust tilbúnir að komast aftur í hefðbundið skipulag. Framundan bíða okkar fjölbreytt og skemmtileg verkefni og hlökkum við til að takast á við þau á önninni. Nýr nemandi byrjaði hjá okkur í vikunni á grunnskólastigi og bjóðum við hann velkominn til okkar. Að lokum hvetjum við ykkur til að hafa samband við okkur skólastjórnendur ef ykkur liggur eitthvað á hjarta eða viljið einfaldlega heyra hvernig gengur.

Bestu kveðjur, Jónína og Hjördís Jóna

Veikindi barna

Ef börn skólans veikjast, taka sér frí eða verða heima af öðrum orsökum vinsamlegast látið okkur vita. Skólinn er ætlaður frískum börnum og skal barnið dvelja heima ef það er ekki nógu frískt til að taka þátt í daglegu starfi skólans.

Fái barnið smitsjúkdóma skal það dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Mikilvægt er að þegar barnið mætir aftur eftir veikindi sé það orðið nægilega frískt til að taka þátt í öllu starfi skólans svo sem útiveru.



Starfsdagur

Við vekjum athygli á því að við lokum skólanum kl. 12:00 föstudaginn 21. janúar. Þá fara starfsmenn skólans til Dalvíkur á endurmenntunarnámskeið ásamt öðrum starfsmönnum Dalvíkurbyggðar.

Gjaldskrár 2019







Þann 1. janúar hækkar gjaldskrá leikskóla og frístundar en hádegismatur grunnskólabarna lækkar eftir áramót en hver máltíð mun nú kosta foreldra 375,5 kr. í stað 466 kr. áður.

Verð á ávaxta- og mjólkuráskrift er óbreytt á vorönn 2019 eða 6000 kr. fyrir ávexti og 2800 kr. fyrir mjólk. Þeir sem vilja breyta áskrift verða að hafa samband við skólastjóra fyrir 10. janúar, eftir það verða reikningar sendir út samkvæmt gildandi áskrift haustannar.

Uppfærðar gjaldskrár koma inn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar í janúar.

Viðburðadagatal janúar 2019

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

	1. Nýjarsdagur	2. Skipulags- dagur Lokað	3.	4. Stefán Matthías 6 ára 	5. Magnea Ósk 12 ára 	6.
7.	8. Eyvör Elva 10 ára 	9.	10. Vasaljósadagur á Kötlukoti	11. Patrekur Óli 9 ára 	12.	13. Bríet Una 12 ára 
14.	15.	16. Gæðastund Umsjón 4-6 b.	17.	18. Sólbjört 6 ára 	19.	20.
21. Ingibjörg Lea 7 ára 	22. Faney Lind 6 ára 	23. Bingó grunnskólastigs	24.	25. Starfsdagur Dalvíkurby- ggðar Lokað kl:12:00	26.	27.
28.	29.	30. Gæðastund Umsjón 1-3 b.	31.			